

17. júní 2017

Málsaðili : Rangárþing ytra
Tengiliður :
Dagsetning : 09.02.2017
Númer : 1702017
Flokkur :

Efni : Árið 2016 voru 17. júní hátíðarhöld á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Deginum var fagnað í Þykkvabæ, á Brúarlundi og í Kambsrétt. Engin hátíðarhöld voru á Hellu. Ástæða þess að ekki var efnt til hátíðarhalda á Hellu árið 2016 var sú að sennilega var farið of seint af stað með undirbúning og þegar eftir því var leitað höfðu engin félagasamtök tök á að koma að viðburðinum.

Nefndin þarf að ræða framtíðarfyrirkomulag 17. júní.

Hvort nefndin eigi að íhlutast um 17. júní á Hellu og þá auglýsa eftir áhugasömum aðilum til þess að sjá um hátíðarhöldin eða hvort eigi að styðja fyrst og fremst við þá aðila sem sýna frumkvæði í því að halda daginn hátíðlegan í sveitarfélaginu.